

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

129. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn þann 5. nóvember 2019 kl. 14.30.

Til fundarins mættu: Árný Sigurðardóttir og Kristín Lóa Ólafsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Hörður Þorsteinsson og Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og Þorsteinn Narfason frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis.

1. Lokun á Bláfjallavegi við Krýsuvík.

HP kynnti bókun sem gerð var í bæjarráði Hafnarfjarðar varðandi lokun á Bláfjallavegi við Krýsuvík. Samþykkt var að sem liður í aðgerðum og úrbótum á Bláfjallavegi innan vatnsverndarsvæðisins sem taldar eru æskilegar til að lágmarka áhættu af umferð innan þess, verði lokað fyrir umferð bíla frá vegamótum við Bláfjallaleið og að sett yrði varanleg lokun á veginn við hellinn Leiðarenda vestan megin. Búið er að ræða við Vegagerðina um lokunina og er reiknað með að gert verði snúningsplan á veginum þar sem lokunin verður.

Í bókun bæjarráðs Hafnarfjarðar var jafnframt samþykkt að þörf væri á frekara umhverfis- og áhættumati á umræddum vegarkafli og samþykkt að slíkt mat verði lagt fram eigi síðar en í árslok 2021. Í bókun skipulagsráðs Kópavogs var sambærileg samþykkt um lokun vegarins og var hún samþykkt í bærarstjórn Kópavogs 10. september 2019.

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins fagnar ákvörðunum bæjarfélaganna og lítur á lokunina sem mikilvægan þátt í að tryggja öryggi vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

2. Samráðshópur um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins

Að beiðni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur Mannvit tekið saman kostnað við borun á fjórum nýjum rannsóknarholum til grunnvatnsmælinga á Bláfjallasvæðinu ásamt kostnaði við uppsetningu vatnshæðarírta í samtals sex holum á svæðinu. Áætlunin Mannvits hljóðar uppá 170 milljónir þar sem 160 milljónir eru áætlaðar í borkostnað og 10 milljónir í uppsetningu mælistöðva.

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði hvetur SSH til að vinna áfram að framgangi þess verkefnis að bora fleiri rannsóknarholur á vatnsverndarsvæðinu og þannig styrkja enn frekar grundvöll vatnsverndarlíkans höfuðborgarsvæðisins.

3. Deiliskipulag við Selvatn

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Selvatn í Mosfellsbæ unnin af Gesti Ólafssyni hjá Skipulags- arkitekta- og verkfræðistofan ehf.

Með gögnum málsins fylgir uppdráttur úr Aðalskipulagi Mosfellsbæjar sem sýnir úrelt kort af vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Nauðsynlegt er að kynna framkvæmdina með vísun í

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

gildandi uppdrátt af vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 2015. Svæðið er innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins nánar tiltekið á öryggissvæði vegna grunnvatns en ekki er fjallað um það í greinargerð sem fylgir deiliskipulaginu. Um svæðið gilda þær reglur sem fram koma í samþykkt nr. 550/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagna umdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. M.a. annars kemur þar fram, í 56. gr., að aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skuli áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda, skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs.

Framkvæmdastjórnin telur einnig ástæðu til að sett sé skilyrði um að mannvirki, þ.m.t. fráveitumannvirki séu ekki nær vatnsbakka Selvatns en 50 metrar til að vernda hreinleika Selvatns.

4. Áhættumat vegna frístundabyggðar innan vatnsverndarsvæðis.

Lagt fram áhættumat vegna atvika sem geta valdið umhverfismengun á vatnsverndarsvæði unnið af Eflu verkfræðistofu, áhættumatið varðar þrjár lóðir sem eru skilgreindar á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar, nr. 540-F, 541 –F og 543-F. Áhættumatið er lagt fram vegna breytinga á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar og varðar aukningu á frístundabyggð í suðurhluta Mosfellsbæjar.

Framkvæmdastjórnin hefur kynnt sér framlagt áhættumat og gerir ekki athugasemdir.

Fundi slitið kl.16:30.

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.